

**MINNISBLAÐ****Dags. 7. desember 2011****Efni: Gildi tillögu félagsmanns varðandi verklag við ráðningu framkvæmdastjóra, framlögð á aðalfundi félagsins 18.5.2011****Til: stjórnar Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ)****Frá: Ingibjörgu Björnsdóttur hdl. – EMBLA lögmennt**

Minnisblað þetta er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum, fundargerð aðalfundar HRFÍ dags. 18. maí sl. og lögum félagsins. Um málsatvik er vísað til tilvitnaðra gagna.

**Álitaefni:**

Óskað er eftir áliti undirritaðrar á því hvort stjórn HRFÍ sé bundin af tillögu félagsmanns varðandi verklag við ráðningu framkvæmdastjóra, er lögð var fram og samþykkt á aðalfundi félagsins þann 18. maí sl. undir dagskrárlið nr. 10 „Önnur mál“.

**Meginregla félagaréttar og ákvæði laga HRFÍ:**

Sú meginregla gildir í félagarétti að félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum félags og getur þannig tekið fyrir á fundi sérhvert málefni sem varðar viðkomandi félag. Félagfundur kýs t.d. stjórn og hefur eftirlit með störfum hennar enda starfar hún í umboði félagsmanna. Er þessi meginregla staðfest í 7. gr. laga HRFÍ.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu geta félagsmenn sett sér frekari reglur um verklag við ákvörðunartöku á félagsfundum og einnig framselt ákvörðunarvald sitt um tiltekin atriði til stjórnar. Eru slíkar reglur bindandi fyrir félagsmenn, hafi þær verið réttilega samþykktar á félagsfundum.

Í 8. - 9. gr. laga félagsins er kveðið á um verklag við ákvörðunartöku á aðalfundum félagsins. Þar kemur fram að fjalla skuli um tillögur að lagabreytingum undir dagskrárlið nr. 6. Er þetta þekkt þar sem alla jafna er um að ræða mikilvægar breytingar sem þarfnast athygli sem flestra félagsmanna.

Í 11. gr. laga félagsins er vald félagsmanna takmarkað og stjórn falið endanlegt ákvörðunarvald um tiltekin atriði, m.a. varðandi ráðningu starfsfólks, sbr. e lið greinarinnar. Er þetta þekkt og sækir fyrirmynd sína úr lögum er gilda um önnur félagaform. Má þar nefna 41. grein laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og 65. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög en þar er stjórn falið endanlegt ákvörðunarvald um ráðningu framkvæmdastjóra.

**Niðurstaða:**

Engar takmarkanir er að finna í e lið 11. gr. laganna varðandi framsal félagsmanna á ákvörðunarvaldi til stjórnar félagsins um ráðningu starfsfólks. Stjórn félagsins getur því ákveðið verklag við ráðningar án frekari aðkomu félagsmanna nema til komi

samþykki félagsmanna á aðalfundi á breytingu á lögum félagsins en við þá breytingu skal farið eftir 29. grein laganna. Samþykkt tillaga um verklag við ráðningu framkvæmdastjóra undir dagskrárlið 10 „Önnur mál“ bindur ekki stjórn þar sem slík afgreiðsla er í andstöðu við lög félagsins. Jafnvel þótt félagsfundur fari með æðsta vald í málefnum félagsins er hann bundinn af þeim reglum sem hann hefur sett sér, þ.e. samþykktum lögum félagsins. Stjórn ber ávallt að fara eftir lögum félagsins í störfum sínum. Standi vilji félagsmanna til að takmarka áður framselt vald til stjórnar þurfa slíkar breytingar að fara samkvæmt ákvæðum laga félagsins.

Starf framkvæmdastjóra fellur undir 11. grein þar sem hann er klárlega starfsmaður félagsins og ekki undanskilinn í ákvæðinu. Ákvæðið er rúmt og tekur til allra starfsmanna félagsins.

Í ljósi þess að stjórn HRFÍ starfar fyrir félagsmenn og viðkomandi tillaga um breytingu á e lið 11. gr. var ranglega borin upp á síðasta aðalfundi er lagt til að tillagan verði lögð fram réttilega undir dagskrárlið nr. 6 á næstkomandi aðalfundi. Með því verður tillagan réttilega kynnt í fundarboði og á dagskrá fundarins og allir félagsmenn geta áttað sig á efni tillögunnar fyrir fundinn. Með þessu næst vonandi sátt um málið enda slík vinnubrögð stjórnar fagleg í ljósi laga félagsins.

Virðingarfyllst,

  
Ingibjörg Björnsdóttir hdl.